

Arcan Hydrobloc 575 Integral

Einþátta Inndælingarefni



Hydrobloc 575 er hágæða teygjanlegt , (Swellable) einþátta polyurethan inndælingarefni til vatnspéttinga í sprungum , plötuskilum og steypuhreiðrum. Það myndar ekki frauð og harðnar í gegn og nær frábærri viðloðun við steinsteypu og önnur byggingarefni. Það byggir á nýrri tækni sem Arcan GMBH hefur einkaleyfi á og sameinar 2 þátta , teygjanleg pu efni waterstopefni í eitt einþátta resin.

Hydrobloc 575 er einþátta og tilbúið til notkunar og þarf því ekki að blanda saman tveimur efnum. Þetta gerir efnið einfalt og þægilegt í notkun og lágmarkar mistök og afföll við blöndun á verkstað. Þegar efnið er harðnað þenst það út þegar það kemst í snertingu við vatn. Það lagar sig samstundis að holrýminu sem því er sprautað inn í og myndar svokallað „ Self healing effect „ Það má bæði nota til að stöðva rennandi vatn sem og til að fyrirbyggja vatnsleka í sprungum og plötuskilum. Ath ! lokið ávallt hreiðrum og sprungum með viðgerðarefnum á eftir þar sem Integral 575 hefur verið dælt inn því óvarið 575 efni þenst út ef vatn kemst í það , jafnvel eftir að það hefur fullharðnað.

Hydrobloc 575 resin efnið uppfyllir hæstu gæða staðla í evrópu sem gilda um inndælingarefni og einnig kröfum um ZTV sprungur og KTW staðla um drykkjarvatnstanka.

Hydrobloc 575 getur þanist allt að 120 % án þess að missa styrk og heldur þeim eiginleika jafnvel þó að mörg ár líði þangað til vatn reyni að komast framhjá efninu.

Hydrobloc 575 er fánlegt í 320 gr álhylkjum sem og 1,3 kg , 3,2 kg og 6,5 kg brúsum.